

Til þeirra er málið varðar

Kynning á starfsemi Hreinsistöðvar Verkvals

Verkval ehf, kt. 530887-1709, hyggst koma á fót hreinsistöð fyrir olíumengað vatn og fitu úr fitugildrum á athafnasvæði sínu að Miðhúsavegi 4, Akureyri. Einnig verði sett upp aðstaða til að losa sand úr dælubílum, sem fellur til úr niðurföllum og sandgildrum. Stofnað verður aðskilið fyrirtæki sem mun reka búnaðinn.

Settar verða niður olúgildra og fitugildra á lóðinni til að uppfylla fyllstu kröfur um hreinsun þess vatns sem frá stöðinni kemur.

Norðurorka hefur gefið samþykki sitt fyrir tengingu stöðvarinnar við fráveitu Norðurorku og gerir ekki athugasemd við framkvæmdina.

Tilgangur

Tilgangur félagsins er að takast á við tvö stór umhverfisvandamál sem lengi hafa verið áhyggjuefni, þ.e. meðhöndlun olíumengaðs vatns og meðhöndlun fitu frá fitugildrum veitingastaða og kjötvinnslu. Auk þess þarf fyrirtækið að koma sér upp þró þar sem hægt verður að þrifa dælubíla og tæma þá af sandi sem síðan verður fargað á viðeigandi hátt.

Olíumengað vatn

Olíumengað vatn fellur til við margs konar starfsemi svo sem á bílaverkstæðum og þvottastöðvum og er því safnað í olúgildrum. Stærstur hluti þessa vatns kemur þó frá skipum, þar með talin skemmtiferðaskip og frá Slippnum á Akureyri.

Oftast er olía aðeins örlítill hluti af því sem fjarlægja þarf en ríflega 90% er vatn. Fyrirtækið hyggst því aðskilja olíu og vatn á athafnasvæði sínu þannig að aðeins olían fari til förgunar til Skeljungs á Akureyri, en hreinsuðu vatni verði veitt frá stöðinni um olúgildru í fráveitu.

Fita úr fitugildrum

Innihaldi úr fitugildrum var áður fyrr fargað í sjó, en slíkt hefur verið ólöglegt um árabil.

Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit hafa leitað leiða til að koma í veg fyrir þessa losun, en skort hefur á vilja fyrirtækja og úrræði til móttöku til að finna málinu réttan farveg.

Tilgangur þessa verkefnis er fyrst og fremst sá að uppfylla þær kröfur sem settar hafa verið um meðhöndlun dýrafitu og steikingarolíu og banni við losun þessara efna í frárennsli og í sjó. Innihald fitugildra er að stórum hluta vatn, en Verkval ehf hefur gert vel heppnaðar tilraunir til að aðskilja vatn og fitu til að minnka umfang þess sem farga þarf. Vatninu verður veitt um fitugildru í frárennsli, en þurrkaðri fitu ekið til förgunar í Stekkjarvík við Blönduós eða að hluta til Moltu í Eyjafjarðarsveit.

Sandur úr dælubílum

Sandi var um árabíl fargað á gömlu öskuhaugunum uns þeim var lokað. Við tók þá að losa bílana á Malbikunarstöð bæjarins, en sífellt hefur þrengrt að þeirri losun og liggur fyrir að hún verði bönnuð. Því vill Verkval ehf fá að setja upp þró á lóð sinni til að hægt sé að meðhöndla sandinn og þurrka. Vatni frá þrónni verður veitt í frárennsli um olúgildru, en efninu eftir atvikum fargað á jarðvegstipp eða það sent áfram til förgunar ef það er mengað.

Lagaumhverfi

Eftirtalin lög og reglugerðir gilda um starfsemi sem þessa:

- Reglugerð um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi nr. 884/2017
- Mengunarvarnarreglugerð nr. 48/1994
- Reglugerð um olúúrgang nr. 809/1999
- Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999

Umfang starfsemi í upphafi

Fyrir liggur samkomulag um móttöku á fitu úr fitugildrum sem nemur um 180 tonnum af blautu efni á ári. Magn olúmengaðs vatns er breytilegt en er áætlað um 120 tonn á ári fyrsta árið.

Sem áður segir er reiknað með að olía sé aðeins um 5 - 10% að meðaltali í olúmenguðu vatni en hlutfall fitu í innihaldi fitugildru er metið 8 – 12% að meðaltali.

Sandur úr sandgildrum og niðurföllum er talinn nema alltt að 50 tonnum á ári.

Umsagnaraðilar

Málið hefur þegar verið kynnt fyrir Heilbrigðisfulltrúa, Norðurorku og slökkviliði til umsagnar og hafa þessir aðilar ekki gert athugasemdir.

Svæðið hefur verið teiknað af Eflu verkfræðistofu og gögn varðandi málið lögð inn hjá byggingafulltra á Akureyri.